

51. Simonarson, Johnny, nemandi, Sauðhúsum, Laxárdalshr. í Dalasýslu, f. í Færeyjum 22. maí 1952.
52. Solheim, Einar, verkamaður í Neskaupstað, f. í Noregi 7. ágúst 1931.
53. Stahr, Ulrich Anton Heinz, arkitekt í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 27. apríl 1936.
54. Töpfer, Christina Siegrid, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 26. júlí 1945.
55. Unnur Vilhelmsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 22. janúar 1962.
56. Vasulka, Bohuslav, kvikmyndatökumaður í Reykjavík, f. í Tékkóslóvakíu 20. janúar 1937.
57. Willatzen, Christian Peter, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 26. desember 1942.
58. Willatzen, Lena Sigridur Birger, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 17. september 1945.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslensk nöfn samkvæmt lögum um manna-nöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Auður Auðuns.

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 9 19. marz 1964, um breyting á lögum nr. 52
5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir „kr. 350.00“ í 1. gr. laganna komi: kr. 700.00, og fyrir „kr. 200.00“ í sömu grein komi: kr. 300.00.

2. gr.

Fyrir „kr. 700.00“ í 2. gr. laganna komi: kr. 1100.00, og fyrir „kr. 350.00“ í sömu grein komi: kr. 700.00.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.